

## 146. löggjafarping 2016–2017.

Pingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

# Frumvarp til laga

## um vefjaaukandi efni og lyf

Frá heilbrigðisráðherra.

### I. KAFLI

1. gr.

*Gildissvið.*

Lög þessi gilda um eftirfarandi efni og lyf:

- 1) Vefjaaukandi stera.
- 2) Testósterón og afleiður þess auk samsvarandi efna með karlhormón áhrif.
- 3) Vaxtarhormón.
- 4) Erýtrópóetín og efni sem hafa sambærileg áhrif með því að auka magn rauðra blóðkorna í blóði umfram eðlileg gildi fyrir aldur og kyn.
- 5) Efni sem auka myndun og losun:
  - a) vaxtarhormóna
  - b) testósterón og afleiður þess eða sambærileg efni með karlhormón áhrif eða
  - c) náttúrulegs rauðkornavaka (erytropoetín).

### 2. gr.

Óheimilt er að framleiða, flytja til landsins, selja, afhenda, dreifa eða geyma lyf og vefjaaukandi efni skv. 1. gr. þessara laga nema um sé að ræða lyf eða efni sem Lyfjastofnun hefur veitt leyfi til ávísunar og notkunar í heilbrigðiskerfinu eða til víssindalegra rannsókna.

Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um þau efni sem óheimilt er að selja, afhenda, dreifa eða geyma sem og um heimild Lyfjastofnunar til veitingu undanþága.

### 3. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða allt að 2ja ára fangelsi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

### 4. gr.

*Gildistaka*

Lög þessi öðlast þegar gildi